



**78. fundur Umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings
haldinn í fjarfundi, mánudaginn 27. febrúar 2023
og hófst hann kl. 08:30**

Fundinn sátu:

Jónína Brynjólfsdóttir formaður, Þórhallur Borgarson varaformaður, Björgvin Stefán Pétursson aðalmaður, Ásdís Hafrún Benediktsdóttir aðalmaður, Eiður Gísli Guðmundsson aðalmaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir aðalmaður, Þórunn Hrund Óladóttir varamaður, Sveinn Jónsson varamaður, Hugrún Hjálmarsdóttir framkvæmda- og umhverfismálastjóri og Sóley Valdimarsdóttir ritari.

Fundargerð ritaði: Sóley Valdimarsdóttir, ritari á umhverfis- og framkvæmdarsviði

Sveinn Jónsson (M-lista) sat fundinn undir liðum nr. 2-6.

Dagskrá:

1. 202302112 - Hreinsunaráttak 2023

Verkefnastjóri umhverfismála kynsir drög að hreinsunaráttaki 2023.

Lagt fram til kynningar.

Gestir

Margrét Ólöf Sveinsdóttir, verkefnastjóri umhverfismála - 08:30

2. 202102197 - Samþykkt um hæsnahald í Múlaþingi

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur tillaga að samþykkt um hæsnahald í þéttbýli í Múlaþingi. Samþykktin byggir á samskonar samþykkt sem í gildi var á Fljótsdalshéraði.

Verkefnastjóri umhverfismála situr fundinn undir þessum lið.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögu með fyrirvara um þær breytingar sem ræddar voru á fundinum og vísar henni að til sveitarstjórnar til afgreiðslu.

Samþykkt samhljóða.

Gestir

Margrét Ólöf Sveinsdóttir, verkefnastjóri umhverfismála - 08:55

3. 202301213 - Umsókn um framkvæmdaleyfi, Skógrækt, Davíðsstaðir

Undir þessum lið vakti Björgvin Stefán Pétursson máls á vanhæfi sínu sem framkvæmdastjóri Yggdrasil Carbon. Formaður úrskurðaði um augljóst vanhæfi.



Björgvin vék af fundi við umfjöllun og afgreiðslu málsins.

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur umsókn um framkvæmdaleyfi frá Yggdrasill Carbon ehf. vegna fyrirhugaðrar skógræktar í landi Davíðsstaða. Sótt er um leyfi til ræktunar á 130 ha skógi en í gildandi deiliskipulagi frá árinu 2021 og Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 er þar gert ráð fyrir 50 ha skógræktarsvæði.

Skipulagsfulltrúi situr fundinn undir þessum lið.

Málið er í vinnslu.

Gestir

Sigurður Jónsson, skipulagsfulltrúi - 00:00

4. 202302101 - Samfélagsverkefni heimastjórna

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur að fjalla um útfærslu á samfélagsverkefnum heimastjórna.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis og framkvæmdaráð samþykkir að óska eftir hugmyndum heimastjórna að samfélagsverkefnum í samræmi við fjárhagsáætlun og umræður á fundinum og felur framkvæmda- og umhverfismálastjóra að fylgja málinu eftir til formanna heimastjórna.

Samþykkt samhljóða.

5. 202010608 - Lagning ljósleiðara á Seyðisfirði

Verkefnastjóri með lagningu ljósleiðara á Seyðisfirði kynnir stöðu fyrirhugaðrar framkvæmdar.

Lagt fram til kynningar.

Gestir

Bogi Kárason - 10:00

6. 202203147 - Skýrsla framkvæmda- og umhverfismálastjóra

Framkvæmda- og umhverfismálastjóri fer yfir helstu verkefni sem eru í gangi.

Lagt fram til kynningar.

7. 202302165 - Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 612003, 712. mál

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003, 712. mál. Umsögnum skal skilað eigi síðar en 9. mars næstkomandi.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð telur ekki tilefni til þess að gera athugasemd að



svo stöddu en hvetur alla áhugasama til að koma athugasemdum á framfæri í samráðsgátt stjórnvalda.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:07

